

Stefnumót við vísindamenn

í Háskólabíói föstudaginn 23. september klukkan 17-22

Á Vísindavöku gefst kostur á að hitta vísindafólk úr ýmsum fræðigreinum og kynnast viðfangsefnum þeirra!



Láttu sjá þig!

Vísinda Vaka

Allir velkomnir!



Allir velkomnir á Vísindavöku – lifandi vísindamiðlun

Fljúgandi fiskar og önnur sjávardýr, tungumál og tónlist, efnafræðisprengjur og kappakstursbílur, karaktarsköpun í tölvuleikjum og stjörnufræði eru dæmi um þau viðfangsefni sem verða kynnt á Vísindavöku Rannís í ár, en hún verður haldin föstudaginn 23. september í Háskólabíói kl. 17-22.

Dagurinn er tileinkaður evrópskum vísindamönnum og haldinn hátíðlegur í helstu borgum Evrópu. Markmiðið með Vísindavöku og atburðum henni tengdum er að kynna fólk á bak við rannsóknirnar og vekja athygli á fjölbreytni og mikilvægi vísinda- og fræðastarfs í landinu.

LIFANDI VÍSINDAMIÐLUN Á SVIÐI

Á Vísindavökunni mun fræðifólk frá háskólum, stofnunum og fyrirtækjum kynna viðfangsefni sín fyrir almenningi á lifandi og skemmtilegan hátt. Gestir fá að skoða og prófa ýmis tæki og tól sem notuð eru við rannsóknir, skoða afurðir og spjalla við vísindafólkið sjálf um hvernig er að starfa að vísindum, rannsóknum og nýsköpun. Í ár verður lögð sérstök áhersla á lifandi vísindi og uppákomur á sviði og eru börn og ungmenni sérstaklega boðin velkomin. Lifandi vísindamiðlun fer fram í sal 1 og sal 2



Árlega leggur fjöldi manns leið sína á Vísindavöku þar sem alls kyns skemmtilegir viðburðir eru kynntir.

og kynnar verða þau Inga Lind Karlsdóttir og Felix Bergsson.

VERÐLAUN FYRIR VÍSINDAMIÐLUN

Við opnun Vísindavöku, kl. 17.00 á föstudaginn, mun Rannís veita sérstaka viðurkenningu

fyrir vísindamiðlun, en hún er veitt einstaklingi, stofnun eða fyrirtæki sem þykir hafa staðið sig sérstaklega vel við að miðla vísindum og fræðum til almennings.

Allir finna eitthvað við sitt hæfi á Vísindavöku. Láttu sjá þig!

Á DAGSKRÁ

- Atgervi ungra Íslendinga
- Vefst þér tunga um tönn?
- Hvað geturðu stokkið hátt?
- Vísindaleikskólinn Hamraborg
- Hvað er ofurgos?
- Fljúgandi fiskar
- Fágæti og furðuverk
- Stressmælingar
- Eru kolvetni af hinu illa?
- Netnotkun ungs fólks
- Persónusköpun í tölvuleikjum
- Nýja rottan er sebrafiskur
- Eldorgel
- Vélar með vit

Stefnumót við vísindamenn

í Háskólabíói föstudaginn 23. september klukkan 17-22

Á Vísindavöku gefst kostur á að hitta vísindafólk úr ýmsum fræðigreinum og kynnast viðfangsefnum þeirra!



Láttu sjá þig!

Vísinda Vaka

Allir velkomnir!



Gestir fá að spreyta sig í persónusköpun í EVE Online.



Yngsta kynslóðin er jafnan spennt á Vísindavöku, eins og hér má sjá.



Sprengjugengið alræmda opnar dagskrána.



MYND/STEFAN

Stjörnuskoðunarfélag Seltjarnarness ætlar að sýna stjörnuhimininn að hausti.

MYND/GVA

Lifandi vísindamiðlun á sviði

Vísindavaka 2011 verður haldin í Háskólabíói sem býður upp á frábæra aðstoðu fyrir vísindamiðlun á sviði.

Vísinda- og fræðafólk kemur út af tilraunastofum og skrifstofum og miðlar viðfangsefnum sínum til almennings á lifandi og skemmtilegan hátt. Atriðin fara fram í tveimur bíósölum, sal 1 og 2, og munu þau Inga Lind Karlsdóttir og Felix Bergsson sjá um að kynna atriðin.

Sprengjugengið alræmda opnar dagskrána í sal 1 kl. 17.30 og síðan rekur hvert atriðið annað. Í kjölfar efnafræðinemanna í Sprengjugenginu koma fleiri atriði og vísindakaffi og ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi.

Margmiðlunarfyrtækið og tölvuleikjaframleiðandinn CCP er nú með á Vísindavöku í fyrsta sinn og mun sýna gestum hvernig farið er að því að skapa persónur í tölvuleikjum eins og EVE Online. Þess utan fá gestir að spreyta sig í persónusköpun tölvuleikja sem fer fram í sýningarbás CCP.

Stoðtækjaframleiðandinn Össur sýnir okkur hvernig gervifætur virka og segir frá rannsóknum að baki hönnun þeirra.

Hvað eru gervifætur í raun og veru? Eru þeir kannski jafngóðir og venjulegir fætur?

Stjörnuskoðunarfélag Seltjarnarness ætlar að sýna okkur stjörnuhimininn að hausti, hver veit nema áhorfendur finni nýja stjörnuþöku með aðstoð snillinganna af Seltjarnarnesinu.

Nemendur við verkfræðideild Háskóla Íslands kynna fyrir okkur hönnun sína og smíði á kappakstursbíl sem unnið hefur til alþjóðlegra verðlauna. Afmælisbarn ársins, Háskóli Íslands, kynnir gerð sjónvarpsþátta um vísindarannsóknir við háskólann í samvinnu við RÚV sem kallast „Fjár sjóður framtíðar“. Fyrsti þátturinn verður sýndur 30. október nk. og hafa tókur farið fram víða um land, til að mynda á Skjálfa- andaflóa, Eyjafjallajökli, Langjökli, við Hekklurætur, í Hvalfirði, Reykjavík og víðar.

Þessu til viðbótar verða flutt gömul íslensk þjóðlög og kínversk sitartónlist auk þess sem fiskar frá Háskólanum í Reykjavík takast á loft og fljúga

um svæðið. Ekki má gleyma hinu frábæra eldorgeli sem dansar og spilar í takt við tónlist.


Boðið verður upp á örstutt vísindakaffi í boði Landspítalans, þar sem rætt verður um fæðuofnæmi, hlutverk hreyfingar í að halda okkur ungum, fjallað verður um geðheilsu þungaðra kvenna og spurt hvort hægt sé að rækta lungu. Af framansögðu er ljóst að dagskrá Vísindavöku höfðar til fólks á öllum aldri og óhætt að segja að Vísindavakan í ár sé skemmtilegur viðburður til að heimsækja á fallegu haustkvöldi.




Stoðtækjaframleiðandinn Össur sýnir hvernig gervifætur virka.



Inga Lind Karlsdóttir og Felix Bergsson sjá um að kynna atriðin.



Nemendur við verkfræðideild Háskóla Íslands kynna hönnun og smíði kappakstursbíls.



Boðið verður upp á örstutt vísindakaffi í boði Landspítalans, þar sem fjallað verður um ýmis áhugaverð málefni.

STEFNUMÖT VIÐ VÍSINDAMENNI BÍÓSI HÚSI

Dagskrá Vísindavöku 2011 í Háskólabíói

föstudaginn 23. september kl. 17 - 22
Allir velkomnir!

Á Vísindavöku gefst kostur á að hitta vísindafólk úr ýmsum fræðigreinum og kynnast viðfangsefnum þeirra!

Þátttakendur á Vísindavöku

Amivox	Amivox samskiptalausnir
Bláa lónið	Lífsorka - með nýtingu náttúruaflanna
CCP	Persónusköpun í tölvuleikjum
Einkaleyfastofan	Einkaleyfi, vörumerki og hönnun
Geislavarnir ríkisins	Geislun: ávinningur - áhætta
Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins	Öll á sama báti? Börn með fötlun
Hafrannsóknastofnunin	Makrill - nýjasti nytjafiskurinn
Háskólinn á Akureyri	Eldsneyti úr lífrænum efnum - orkugjafar framtíðarinnar?
Miðstöð skólaþróunar við HA	Fágæti og furðuverk
Háskólinn á Bifröst	Evrópumál, menningarstjórnun og verslun
Háskóli Íslands	Málefnalegar upplýsingar um Evrópumál
Evrópuvefurinn	Þorskensím í náttúruafurðir, snyrtivörur og lyf
Ensímtækni	Viðtalstækni félagsráðgjafa
Félagsráðgjöf	Atgervi ungra Íslendinga
Íþróttifræði	Japanskt mál og menning
Japanska	Konfúsíusarstofnunin Norðurljós
Kínverska	Hvernig eru lyf búin til?
Lyfjafræði	Stofnfrumur og krabbamein í brjóstum
Læknadeild	Eru kolvetni af hinu illa? Hvað eru holl brauð?
Næringarfræði	Lögmál erfðafræðinnar afhjúpuð
Raunvísindi	Tölfræði og líkindafræði eru allt í kringum okkur
Sjúkraþjálfun	Efnafræðingar úr Sprengjugenginu á staðnum
Rannsóknasetur HÍ í Sandgerði	Hreyfivísindi: mælingar, viðbrögð og jafnvægi
Rússneska	Grjótkrabbinn, nýjasti landneminn og fleiri sjávarlífverur
Verkfræði	Rússneskt letur og menning
Tannsmíði	Formula student - kappakstur bíll
Tilraunastöð HÍ í meinafræði að Keldum	Brunavarnir í húsagerð
Vísindavefurinn og jarðfræði	Ýmis tæki og tól til sýnis
Þjóðfræði og safnafræði	Vefst þér tunga um tönn?
Þýska	Dýrasjúkdómar
Háskólinn í Reykjavík	Af hverju verða eldgos? Hvað er ofurgos?
Viðskiptafræði	Þjóðfræði: Hvað er það?
Tölvunarfræðideild	Sjónarspil heimsins krufið
Tækni- og verkfræðideild	Alles klar!
Íþróttifræði	Hvernig er hægt að varast gildir tilboða?
Lögfræði	Flugfiskurinn Nemó og hákarlinn Karl
Sálfræði	Nýja rottan er sebrafiskur, Freyja, sjálfvirkur kafbátur o.fl.
Hjartavernd	Hvað getur þú stökkið hátt?
Íslenskar orkurannsóknir - ÍSOR	Lögfræðipjónustan Lögrétta
Keilir - Orku- og tækniskóli	Stressmælingar og athygli
Klak - Nýsköpunarmiðstöð atvinnulífsins	Hjartaáföll, áhættuþættir og forvarnir
Landbúnaðarháskóli Íslands	Huliðsheimar jarðhitans
Landspítali	Þetta eru engin geimvísindi! Mekatróník og orkutæknifræði
Laxfiskar	Nýsköpun og fræðsla
Leikskólinn Hamraborg	Lífshættir flundru á vatnasvæði Hvítár
Listaháskóli Íslands	Umhyggja - fagmennska - öryggi - framþróun
Marel	Ferðaglaðir fiskar
Matís	Vísindaleikskóli
Máltæknisetur	Krítík og kenningarmið: rannsóknir í íslenskri samtímalist
Náttúrufræðistofa Kópavogs	Hátækni í matvælaíðnaði
Náttúrufræðistofnun Íslands	Okkar rannsóknir - allra hagur!
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	Almannarómur - íslenskur talgreinir
RHA - Rannsókn- og þróunarmiðstöð HA	Sýningar - rannsóknir - ráðgjöf
Stofnun Smára Ólasonar í ísl. tónlistarfræðum	Sveppir alls staðar
Stjórnuskoðunarfélag Seltjarnarness	Allt frá steinsteypu til skapandi greina
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum	Netnotkun ungs fólks
Teledyne Gavia	Gömul íslensk þjóðlög
Veðurstofa Íslands	Undur alheimsins
Vitvélafstofnun Íslands	Íslenska sem annað mál
Pekkingarnet Austurlands og Breiðdalsetur	Djúpfarið Gavia
Össur	Vöktunarmiðstöð eldfjalla
	Vélar með vit
	Jarðfræði, málvísindi og saga
	Líf án takmarkanna

Lifandi vísindamiðlun í bíósölum 1 og 2

17:30	Sprengjugengið!
17:50	Hvernig virka gervifætur?
18:00	Þegar matur er meinsemd - fæðuofnæmi á Íslandi
18:10	Eldorgelið
18:20	Sköpun karaktera í tölvuleikjum
18:30	Er hægt að rækta lungu?
18:50	Stjörnuhimininn að hausti
18:50	Gömul íslensk þjóðlög lifna við
19:10	Fljúgandi fiskar!
19:20	Geðheilsa íslenskra kvenna á meðgöngu og eftir barnsburð
19:30	Formula student, rafmagnskappakstur bíll
19:40	Sprengjugengið!
20:00	Kínversk tónlist
20:10	Sköpun karaktera í tölvuleikjum
20:20	Hvernig virka gervifætur?
20:40	Fólk hættir ekki að hreyfa sig af því það eldist, það eldist af því það hættir að hreyfa sig
21:00	Stjörnuhimininn að hausti
21:00	Fjárjóður framtíðar
20:40	Eldorgelið

Láttu
sjá þig!



föstudaginn 23. september
kl. 17-22 í Háskólabíó

STEFNUMÖT VIÐ VÍSINDAMENN I BÍO SI

www.visindavaka.is

Á Vísindavöku gefst kostur á að hitta vísindamenn úr hinum ýmsu fræðigreinum og kynnast viðfangsefnum þeirra!



Láttu sjá þig!

Lifandi vísindamiðlun...
...allir velkomnir



Visinda Vaka

